

Við val á efnum innanhúss er hugað að samspili efnis, loftgæða, hljóðvistar og útlits. Kosið er að vinna með efni sem eru umhverfsvæn og endurvinnanleg.

Sýnilegt yfirborð steinsteypra veggja er múrhúðað og málað.

Berandi innveggir úr krosslímdu timbureiningum halda náttúrulegri áferð þar sem því verður við komið, annars klæddir gifsi og málaðir.

Aðrir innveggir eru gifsklæddir blikk- / timburveggir fylltir hljóðeinangrandi steinull og málaðir.

Notuð er umhverfsvæn málning og litir notaðir til að draga fram blæbrigðamun milli deilda og einkarýma.

Gólfefni eru náttúrulegar steinflísar á göngum og hluta borðstofu, viðargólf í einkarýmum og setustofu og hluta borðstofu, dúkur í framreiðslueldhúsi, stoð- og þjónusturýmum ásamt tengigangi. Umferðarrými á þjónustuhæð og tæknirými eru steinsteypt með sléttri slípaðri áferð.

Innihurðir og innréttingar í einkarýmum og eldhúskrók borðstofu ásamt handlistum og skilrúmum eru með ljósri viðaráferð. Innréttingar í framreiðslueldhúsi, stoð- og

þjónusturýmum eru hvítar. Innihurðir, innréttingar og handlistar verða með ljósri viðaráferð.

Í niðurteknum loftum er hljóðísogsdúkur í ljósum lit.

Dagsljós, loftræsing og lýsing

Fyrirkomulag glugga er með þeim hætti að góð dagsbirta og náttúruleg loftræsing flæðir um flestöll rými hússins.

Þar sem opnanlegum gluggum verður ekki við komið er notast við vélræna loftræingu sem fylgir gæðastöðlum og uppfyllir kröfur um afköst og hljóðvist.

Lýsingu er skv. gildandi reglugerðum, með vistvænar áherslur, og sniðin að þörfum heimilismanna .

Neysluvatn og frárennsli

Sambland gólfhita og ofna hita upp rými hússins. Í einkarýmum skal notast við hvort tveggja þar sem heimilismenn geta stýrt hitastigi eigin rýmis.

Hönnun neysluvatnskerfis og frárennslis er skv. gildandi reglugerðum og nútímakröfum og tekið mið af blágrænum lausnum.

Rafkerfi, sérkerfi

Hefðbundið rafkerfi er í húsin og gert er ráð fyrir síma- og tölvunotkun í einstaklingsrýmum, sameiginlegum rýmum og starfsaðstöðu starfsmanna.

Dyrasímakerfi, aðgangsstýrikerfi, myndavélakerfi við innganga og sjúkrakallkerfi eru í húsinu.

Rafdrifið lyftibúnaðarkerfi á braut er í einstaklingsrýmum.

Brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu, hannað í samræmi við reglur.

